Nd. **239. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 2. gr. 4. Fyrir: »60,000—60,000« komi: 55,000—55,000.
2. — 2. — 8. Fyrir: »135,000—135,000« komi: 150,000—150,000.
3. — 2. — 9. Fyrir: »Áfengistollur 360,000—360,000 komi: Áfengis- og öltollur 300,000—30,000.
4. — 2. — 13. Fyrir: »Leyfisbréfagjöld og árgjöld ... 11,500—11,500« komi: Árgjöld ... 9,000—9,000.
5. Við 2. — 17. Fyrir: »6,000—6,000« komi: 10,000—10,000.
6. Aftan við 4. gr. 1. bætist: Ullarverksmiðjufélaginu á Akureyri eru gefnar upp 6,000 kr., sem eru óloknir vextir af viðlagasjóðsláni frá $^{18}/_{1}$ 1908 til $^{18}/_{1}$ 1911.
7. Við 11. gr. A. 3. Fyrir: »4,515—4,515« komi: 4,715—4,715.
   Aftan við liðinn bætist:
   Af þessum upphæðum eru 200 kr. persónuleg launaviðbót handa umsjónarmanni.
8. Við 11. gr. B. 6. Fyrir: »500—500« komi: 1,500—1,500.
   Aftan við liðinn bætist:
   Gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim, er óska strandgæzlu og njóta hennar.
9. Við 11. gr. B. 7. Aftan við: »síldveiðatímann« bætist: og til tolleftirlits.
10. Aftan við 11. gr. 9. lið bætist: Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði,

geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er umræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi.

11. Við 12. gr. 2. Fyrir: »Styrkur ... 150—150« komi:
Styrkur til Öræfinga til að leita sér læknishjálpar 300—300.
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.

12. Við 12. gr. 3 a.—b. Fyrir: »Styrkur til ... alt að 300—300« komi:
a. Styrkur til augnlæknis Andrésar Féldsteds í Reykjavík 1,000—1,000.
b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðardvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að 300—300.

13. Aftan við 12. gr. 4. bætist nýr liður 5: Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík 1,000—1,000.

14. Hér bætist við: Þúsund króna styrkurinn hvort árið til læknanna Andrésar Féldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum á læknaskólanum til í sinni sérfræði og hafi ókeypis klinik handa fátækum mönnum ekki sjaldnar en 2 sinnum á mánuði.

15. Við 12. gr. 5 (6). Fyrir: »32,250—31,350« komi: 28,490—27,990, er sundurliðast þannig:

		kr.	kr.
1.	Laun	5,290—	5,390
2.	Viðurværi 67—69 manna ...	12,000—	12,000
3.	Klæðnaður	850—	850
4.	Meðul og sáraumbúðir ...	1,300—	1,300
5.	Eldsneyti	2,700—	2,700
6.	Ljósmeti	550—	550
7.	Húsbúnaður og áhöld ...	1,000—	1,000
8.	Viðhald á húsum	1,800—	1,200
9.	Þvottur og ræsting	600—	600
10.	Greftrunarkostnaður	200—	200
11.	Skemtanir	300—	300
12.	Skattar o. fl.	1,300—	1,300
13.	Ýmisleg útgjöld 1,000 kr.		
	að frádregnum 400 —		
	fyrir hey	600—	600
		28,490—	27,990

16. Við 12. gr. 6 (7). Aftan við liðinn bætist grein:
Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:
A. Laun læknis... 2,400
B. Önnur útgjöld.

1.	Kaup starfsmanna	3,950	
2.	Viðurværi 81 manns 50 a. á dag	14,782	50
3.	Klæðnaður sjúklinga (30 kr.)	1,800	
4.	Meðul og umbúðir	500	
5.	Ljós og hiti	3,600	
6.	Viðhald og áhöld	2,300	
7.	Þvottur og ræsting	800	
8.	Skemtanir	200	
9.	Skattar m. m.	1,000	
10.	Óviss útgjöld	600	
		31,932	50
Þar frá dragast tekjur:			
Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag ...		10,585	
Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag ...		730	
Tekjur af búinu		1,000	
		12,315	
	Mismunur:		19,617,50

17. Við 12. gr. 7 (8). Fyrir: »25,000—25,000« komi: 18,000—18,000
18. Við 12. gr. 8 a. Aftan við »til sjúkrahúsa« bætist: og sjúkraskýla.
19. Við 12. gr. 8 g. Aftan við liðinn bætist: Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.
20. Við 13. gr. A. 1. b. 1. Fyrir: »7,000« komi: 6,600.
21. Við 13. gr. A. 2. Aftan við liðinn bætist: Af póstflutningafénu má verja alt að 8000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferða-áætlun.
22. Við 13. gr. A. 3. b. Aftan við liðinn komi: Pósthúsið í Reykjavík sé opið 9 stundir hvern virkan dag og 2 stundir hvern helgan dag.
23. Við 13. gr. B. I. 2. Fyrir: »2,700—2,700« komi: 2,400—2,400.
24. Við 13. gr. B. I. 3. Fyrir: »700—700« komi: 500—500.
25. Við 13. gr. B. II. 1. Fyrir: »10,000—10,000« komi: 10,000—20,000.
26. Við 13. gr. B. II. 4. 10,000 fyrra árið falli burt.
27. Við 13. gr. Eftir B. II. 6. komi nýr liður: Til brúar á Rangá (fyrra árið) 45,000.

Við 13. gr. B. III. 2. Eftir liðinn komi 3 nýir liðir:

28. 3. Til brúar á Hrútafjarðará (fyrra árið) 8,000.
29. 4. Til brúar á Rangá í Tungu (síðara árið) 6,000.
30. 5. Til brúar á Austurá í Sökkólfsdal (síðara árið) 2,500.
31. Við 13. gr. B. VII. Fyrir: »150—150« komi: 300—300. Eftir þessum lið komi nýr liður:
32. Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum (fyrra árið) 2,000.

33. Eftir B. VIII. komi athugasemdin: Fjárveitingin er bundin jafn miklu tillagi annarsstaðar frá.

34. Við 13. gr. C. 2. Fyrir: »40,000—40,000« komi: 39,500—39,500.

35. Aftan við bætist: Þetta sundurliðast þannig hvort árið:

1. Til Faxaflóabáta ... ... 12,000.
2. Til Breiðafjarðarbáta ... ... 7,000.
3. Til Ísafjarðarbáta... ... ... 5,500.
4. Til Eyjafjarðarbáta ... ... 12,000.
5. Til mótorbátsferða á Breiðafirði. ... 1,000.
6. Til mótorbátsferða milli Vestmannaeyja og lands .. .. 1,200.
7. Til mótorbátsferða upp eftir Hvítá .. 400.
8. Til mótorbátsferða upp í Hvalfjörð... 400.

36. Við 13. gr. D. Fyrir: »Ritsimar.....samband« komi: Hraðskeyta og talsímasamband.

37. Við 13. gr. D. II. 1. Aftan við liðinn bætist:
Gegn 3,000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.

38. Við 13. gr. D. II. 2. Fyrir: »Frá Borgarnesi.....38,000« komi: Frá Búðardal í Stykkishólm 31,000.

39. Við 13. gr. D. II. 2. Aftan við bætist:
Gegn 7,000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.

40. Við 13. gr. D. II. 2. Enn fremur bætist við:
Nýjar talsímastöðvar verða því að eins settar á stofn, að hreppurinn ábyrgist reksturskostnað.

41. Við 13. gr. D. II. 2. bætist: Tvöfaldur koparþráður milli Borðeyrar og Ísafjarðar (fyrra árið) 66,000.

42. Við 13. gr. D.III. 2. Fyrir: 10,700—11,000« komi: 10,700—10,700.

43. Við 13. gr. D.III. 3. Fyrir: »6,800—6,900« komi: 6,800—6,800.

44. Við 13. gr. D.III. 4. Aftan við liðina bætist:
Af þessari upphæð eru 600 kr. handa sendimanni til að bera skeyti um allan bæinn.

45. Við 13. gr. D.III. 8. og 9. Fyrir þessa 2 liði komi einn liður:
Starfræksla hraðskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja alt að 6,000—6,000.

46. Við 13. gr. D. VI. Fyrir: »9,000—9,000« komi: 10,000—10,000.

47. Við 13. gr. D. VII. Aftan við bætist nýr liður:
Til rannsóknar símaleiða 2,000—2,000.

48. Við 13. gr. E. IV. Aftan víð bætist 2 liðir:
Til Kálfshamarsvita (s. á.) 6,500.

49. Til Skagatáarvita (s. á.) 14,000.

50. Við 13. gr. E. VI. falli burt.

51. Við 13. gr. E. XIV. Fjárveitingin: 3,500 kr. s. á. færist til fyrra árs.

52. Við 14. gr. A. b. 2. Athugasemdin orðist þannig:
Af uppbót þessari má verja 1,000 kr. til húsaleigustyrks handa prestum í lægsta launaflokki, er heima eiga í kauptúnum, þó eigi meir en 100 kr. handa hverjum.

53. Við 14. gr. B. IV. c. 2. Fyrir: »og ljósa« komi: ljósa og vatns.

54. Við 14. gr. B. IV. c. 13. Aftan við bætist almenn athugasemd: Húsaleigustyrk og námsstyrk við prestaskóla, lagaskóla, læknaskóla og mentaskóla, má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk, 200 kr. í námsstyrk handa mentaskólanemendum, en hinum 250 kr. Húsaleigustyrkur sé að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.

55. Við 14. gr. B. V. b. 4. Aftan við liðinn bætist: Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.

56. Við 14. gr. B. VI. b. 5. Sama athugasemd og hér á undan bætist aftan við liðinn.

57. Við 14. gr. B. VIII. a. 1—2. Fyrir þessa liði komi: Til kvennaskólans í Reykjavík alt að 7,000—7,000.
Aftan við bætist: Þó ekki yfir $^2/_3$ hluta reksturskostnaðar.

58. Við 14. gr. B. VIII. b. 7. b. Komi nýr liður: Til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi 200—200.

59. Við 14. gr. B. VIII. 7. c. Fyrir »7,000—7,000« komi: alt að 6,000—6,000.
Aftan við bætist: Þó ekki yfir $^2/_3$ hluta reksturskostnaðar.

60. Við 14. gr. B. VIII. 7. g. Aftan við liðinn bætist: Til kenslu blindra barna í Danmörku 1000—1000 gegn jafnmiklu framlagi annarstaðar frá.

61. Aftan við 14. gr. B. VIII. bætist: Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi 400—400.

62. Við 14. gr. IX. a. Aftan við liðinn bætist: Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram, að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.

63. Við 14. gr. IX. b. Aftan við liðinn bætist: Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.

64. Við 14. gr. IX. b. Aftan við bætist nýr liður: Styrkur til Stefáns Eirikssonar til þess að halda uppi kenslu í tréskurði í Reykjavík 1,000—1,000.

65. Við 15. gr. 1. Fyrir: »bókavarðar« komi: Landsbókavarðar, fyrir: »aðstoðarmanns« í 2 stöðum komi: bókavarðar.

66. Við 15. gr. 2 b. Fyrir: »1000—1000« komi: 800—800.

67. Við 15. gr. 2 c. Fyrir: »1000—1000« komi: 800—800.

68. Við 15. gr. 3. Fyrir: »Forngripasafn« komi: Fornmenjasafn, og aftan við liðinn bætist: Þjóðmenjasafnið sé opið frá 15. Júní til 15. September 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

69. Við 15. gr. 3. c. Fyrir: »1500—1500« komi: 1000—1000.

70. Við 15. gr. 4. Aftan við liðinn bætist: Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku.

71. Við 15. gr. 5. Fyrir: »Þjóðmentasafnið« komi: Bókhlaðan.

72. Við 15. gr. 6. Aftan við »bæjarsjóði« bætist: og sýslusjóði.

73. Við 15. gr. 6. Aftan við liðinn bætist nýr liður: Til bókasafnsins á Seyðisfirði til þess að kaupa eldri íslenzkar bækur fyrra árið 500 kr.
74. Við 15. gr. 7. Fyrir: »bæjarsjóði« komi: sveitarsjóði.
75. Við 15. gr. 8. Aftan við bætist nýr liður: Til Bernarsambandsins til þess að vernda rétt íslenzkra ritliöfunda alt að 600—600.
76. Við 15. gr. 10. Aftan við bætist: Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók félagsins komi út hvort árið.
77. Við 15. gr. 12. Aftan við liðinn bætist: Styrkurinn er bundinn þvi skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sé gefið út við hvert bindi af safninu.
78. Við 15. gr. Aftan við liðinn bætist tveir nýir liðir: Til Stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi 2000—2000.
79. Til bindindissameiningar Norðurlands, 300—300.
80. Þessi 3 síðarnefndu félög gefi stjórnarráðinu reikning fyrir hvernig fénu er varið.
81. Við 15. gr. 27. Fyrir: »2,000—2,000« komi: 1,200—1,200.
82. Við 15. gr. 28. Fyrir: »1,500—1,500« komi: 1,200—1,200.
83. Við 15. gr. 28. Aftan við bætast þessir liðir: Til Jóns Ólafssonar ritstjóra styrkur til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir það sem svarar prentaðri örk alt að 1,500—1,500.
84. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsóknar 600—600.
85. Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra 50 kr. fyrir örkina f. árið alt að 600.
86. Til Sighv. Grímssonar Borgfirðings til þess að kynna sér skjöl á söfnum í Reykjavík (f. árið) 200.
87. Til Laufeyjar Valdimarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóla 300—300.
88. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur 400—400.
89. Við 16. gr. 1. c. 1. Fyrir: »1,000—1,000« komi 700—700.
90. Við 16. gr. 1 c. 3. Fyrir: »900—900« komi 800—800.
91. Við 16. gr. 3. Fyrir: »til verklegrar búnaðarkenslu 1,500—1,500« komi: 1,200—1,200.
92. Við 16. gr. 6 fyrir: »54,000—54,000« komi: 56,000—56,000.
93. Við 16. gr. 14. Á eftir liðnum komi 2 nýir liðir: Til manns til að læra dýralækningar erlendis 600—600.
94. Til Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds á Akureyri 1,000—1,000.
95. Við 16. gr. 17. fyrir »600—600« komi: 800—800.
96. Við 16. gr. 18. Aftan við liðinn bætist:
Styrkurinn til þessara 4 iðnskóla má þó ekki fara yfir $^2/_3$ reksturskostnaðar.
97. Við 16. gr. 20. Aftan við »Reykjavík« bætist:
Þó ekki yfir $^2/_3$ reksturskostnaðar.
98. Við 16. gr. 21. Liðurinn falli burt.
99. Við 16. gr. 33. Liðurinn falli burt.

100. Við 16. gr. 33. Aftan við bætast þessir liðir:
Til bryggjugerðar á Húsavík.
Þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að 3,000 kr. (s. á.)
Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu veitist styrkur þessi og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almennings nota.

101. Til »lendingarsjóðs Bolvíkinga 1,000 kr. (f. á.)
Stjórnarráðinu sendist árlega reikningur sjóðsins.

102. Við 18. gr. Fyrir: »Solveigar Þorkelsdóttur 200« komi: Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100.

103. Við 18. gr. Fyrir: »prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 200« komi: prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300.

104. Við 18. gr. Inn í greinina bætist:
Til læknisekkju Sigrúnar Ísleifsdóttur 200.

105. Við 19. gr. Síðasta málsgreinin falli burt.

106. Við 22. gr. 4. Aftan við bætist: Úr viðlagasjóði má lána Seyðisfjarðarkaupstað alt að 40,000 kr. til að koma á raflýsingu í bænum. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

107. Sýslunefndum Húnavatnssýslu má lána úr viðlagasjóði 12,000 krónur til skólahúsbyggingar á Blönduósi. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

108. Sýslunefnd Árnessýslu má lána úr viðlagasjóði til áveitu úr Þjórsá á Miklavatnsmýri alt að 20,000 krónur. Lánið er afborgunarfrítt í 4 fyrstu árin, en endurgreiðist þvínæst á 20 árum ásamt ársvöxtum 4%.

109. 23. grein falli burt.